

7. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 13 JANÚAR 2012

Mæting:

Ómar Baldursson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Grétar Guðmundsson, Kristín Benediktsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D Sighvatz, Eyjólfur Ólafsson, Hafliði Sívertsen, Einar Ág Kristinsson, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Guðmundur Gunnarsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Endurskoðun kjarasamninga.
3. Orlofsmál.
4. Stórhöfði 27- skráning eigenda.
5. Rafiðnaðarskólinn.
6. Styrkumsókn Verkiðnar.
7. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Endurskoðun kjarasamninga.

Kynnt var og farið yfir stöðuna gagnvart uppsögn kjarasamninga, og farið yfir kosti þess og galla. Ef farið verður fram á uppsögn samninga þá er verið að afsala sér 3,5% launahækkun sem koma á til framkvæmda 1 febrúar n.k. Minnt var á, að viðsejendur þ.e. SA hafa staðið við sinn hluta samningsins, en stjórnvöld hafa ekki gert það, og það er fyrst og fremst við þau að etja.

Umræður urðu um málið og síðan samþykkt að fara ekki fram á uppsögn heldur halda áfram að hamra á stjórnvöldum að standa við gerða samninga og gefin loforð.

Bent var á, að fyrir næstu endurskoðun samninga verður orðið stutt í kosningar.

Samþykkt að formaður sendi út fréttabréf til félagsmanna varðandi þessa ákvörðun, með ósk um viðbrögð.

Ríkistjórnin ætlar að skattleggja lífeyrissjóðina út frá hreinni eign til greiðslu lífeyris um 0,0814%. RSÍ hefur ákveðið að höfða mál til að fá þessum úrskurði hnekkt, en lögmaður okkar leggur til að skattinum verði skilað ásamt greinargerð þar sem RSÍ áskilur sér allan rétt til að halda áfram með málareksturinn til að fá þetta á hreint hvort um löglegan gjörning sé

að ræða eður ei. Unnið er að þessu máli á vegum ASÍ enda samstaða meðal aðildarfélagum um að sækja þetta til baka fyrir dómstólum.

3. Orlofsmál.

Kynnt voru þau hús og þeir staðir sem koma til greina vegna útleigu í sumar. Það eru Vestmannaeyjar, Gufuskálar, Súðavík og Stykkishólmur. Samþykkt að taka á leigu húsnæði á þessum stöðum.

4. Stórhöfði 27-skráning eiganda.

Í ljós hefur komið að RSÍ, Ákvæðisvinnustofa rafiðnaðarins og eftirmenntun rafiðna eru skráðir eigendur að Stórhöfða 27. En samt er enginn kaupsamningur til. Þetta er tilkomið vegna fyrri eigna allt frá því að skólinn var staðsettur við Skipholt.

Kynnt var afsal þar sem RSÍ, Ákvæðisvinnustofan og eftirmenntun rafiðna afsala sér eignahluta sínum í Stórhöfða 27 til til FÍR.

5. Rafiðnaðarskólinn.

Á síðasta ári voru haldin 100 námskeið á vegum skólans, sem um 1100 nemendur sóttu. Aðeins 2 námskeið voru felld niður vegna þátttökuleysis.

Rekstur skólans kom vel út á síðasta ári, og lítur vel út með aðsókn að námskeiðum á þessu ári.

Nýr skólastjóri var ráðinn í stað Sigurðar Geirssonar sem óskaði að láta af störfum um áramótin en það er Stefán Sveinsson kennari við skólann og núverandi formaður FÍR.

6. Styrkumsókn Verkiðnar.

Styrkbeiðni barst frá Verkiðnar þar sem óskað er eftir styrk vegna "Íslandsmóts iðn-og verkgreina árið 2012.

Íslandsmótið hefur verið notað sem úrtökumót fyrir WorldSkills keppnina sem haldin verður í Leipzig í Þýskalandi 2-7 júlí 2013.

Keppni eins og þessi er fyrst og fremst hugsuð sem kynning á iðn-og verknámi fyrir ungt fólk á grunnskólaldri.

Samþykkt að styrkja verkefnið.

7. Önnur mál.

1) Auglýsa á eftir starfsendurhæfingarfulltrúa til starfa, við hlið núverandi fulltrúa, og kemur hann til með að starfa hér á Stórhöfðanum

Lengi hefur verið þörf á að fá nýjan starfskraft til þessa verkefnis.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 16.00

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.